




17. febrúar 2005

Próun skatttekna

12 mánaða breytingar m.v. 6. mán. meðaltal á föstu verðlagi



Greiðsluafkoma ríkissjóð janúar - desember 2004

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2004 liggur nú fyrir. Við samanburð á afkomu fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörð er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomufirlits verið færð nær almennum sjóðstremisfirlitum.

Uppgjörð sýnir að handbært fé frá rekstri var því sem næst í jafnvægi, eða neikvætt um 0,3 milljarða króna. Það er tæpum 10 milljörðum betri staða en um áramótin þar á undan, en heldur lakara en spáð var sl. haust eða sem nemur 2½ milljarði króna.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 280,7 milljörðum króna á árinu 2004 og hækkuðu um 21 milljarð króna frá árinu á undan, eða um 8,1%. Þetta er liðlega 1,3 milljörðum króna meiri innheimta en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2004. Skatttekjur ríkissjóðs námu þar af um 260,7 milljörðum króna og hækkuðu um 13,1% frá fyrra ári sem er 3,1 milljarði króna meiri innheimta en áætlanir gerðu ráð fyrir. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 3,2% á tímabilinu þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 9,6%. Innheimta skatttekna á tekjur og hagnað hækkuðu um 10,7% frá fyrra ári. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga um 6,7 milljörðum krónum meira en árið 2003, sem er 12% aukning og tekjuskattar lögaðila skiluðu 0,8 milljarði króna meira en í fyrra, sem er 8,3% aukning. Innheimta tryggingagjalda jókst um 11,1% á milli ára en til samanburðar má nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði um 4,7% á sama tímabili. Tekjur af eignarskattum hækkuðu einnig frá fyrra ári, eða um 38,8% sem jafngildir 34,5% raunhækkun. Þar munar mestu um aukningu í innheimtu stimpilgjalda en þau hafa aukist um 73,6% á milli ára enda urðu miklar breytingar á íbúðarlánamarkaði á síðastliðnu ári sem leiddi til þess að fasteignaviðskipti og endurfjármögnun húsnæðislaða jukust til muna. Innheimta veltuskatta ríkissjóðs jókst um 13,4% frá 2003 eða um 9,9% að raungildi. Þar af vegur 13,5% aukin innheimta virðisaukaskatts þyngst en aðrir óbeinir skattar jukust um 13,1%. Þess má geta að töluverð aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum, eða um 37,4% en hana má fyrst og fremst rekja til aukningu í innflutningi bifreiða.

Útgreiðslur ríkissjóðs námu 280 milljörðum króna á árinu 2004. Það er hækkan um tæpa 12 milljarða frá fyrra ári, eða 4,3%. Hækkunin kemur nær alfarið fram í félagsmálum, sem hækka um 11 milljarða. Greiðslur til þess málaflokks nema tæpum ⅓ af heildarútgreiðslum ríkissjóðs. Þannig hækka greiðslur til almannastrygginga um 3,8 milljarða, til heilbrigðismála um 3,2

milljarða og til fræðslumála um 1,9 milljarða króna. Hjá atvinnumálum munar mestu um 2 milljarða hækkan til samgöngumála. Á móti veða lækkanir til ákveðinna málaflokka og munar þar langmestu um 1,9 milljarða lægri vaxtargreiðslur heldur en árið 2003. Aðrar breytingar milli ára veða minna. Greiðslurnar eru í heild tæpum 8 milljörðum innan marka fjárheimilda og munar þar mestu um ónýttar inneignir til samgöngumála.

Lánshæfismat ríkissjóðs hækkar

Matsfyrirtækið Standard&Poor's hækkaði í síðustu viku lánshæfiseinkunn ríkissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt úr A+ í AA-. Hæsta einkunn S&P er AAA sem stendur fyrir framúrskarandi bréf með lægstu áhættu og sérlega mikla greiðslugetu. Skuldabréf með einkunnina AA eru aðeins að litlu leyti frábrugðin albestu bréfunum og er geta skuldara til að standa við skuldbindingar sínar talin mjög mikil. Einkunnin A lýsir sömuleiðis miklu hæfi til að endurgreiða vexti og höfuðstól en hæfið er þó talið viðkvæmara fyrir óhagstæðum breytingum á hagskiylröðum.

Lánshæfismat íslenska ríkisins hefur hækkað jafnt og þétt frá því að fyrst var óskað eftir formlegri einkunnargjöf frá matsfyrirtækjunum. Ísland er nú með hæstu einkunn fyrir langtímaskuldbindingum hjá Moody's og í næst hæsta einkunnarflokki hjá S&P og Fitch. Fyrir skammtímaskuldbindingum fær ríkissjóður hæstu einkunn hjá öllum matsfyrirtækjunum.

	Horfur	Langt.bréf í erl. mynt	Skammt.bréf í erl. mynt	Langt.bréf í ISK	Skammt.bréf í ISK
Moody's	Stöðugar	Aaa	P-1	Aaa	P-1
S&P	Stöðugar	AA-	A-1+	AA+	A-1+
Fitch	Stöðugar	AA-	F1+	AAA	

Moody's og S&P voru fyrst beðin um lánshæfiseinkunn fyrir langtímaskuldabréf í erlendri mynt árið 1994 en þá fékkst einkunnin A frá S&P sem var síðan hækkuð í A+ árið 1996. Moody's byrjaði á því að gefa ríkissjóði einkunnina A2 árið 1994 sem var síðan hækkuð í Aa3 árið 1997 og svo í hæstu einkunn í þeirra skala, Aaa, árið 2002. Þriðja matsfyrirtækið, Fitch, bættist í hópinn árið 2000 með einkunnina AA- og stendur það mat enn. Öll matsfyrirtækin telja horfurnar stöðugar sem þýðir að ekki er búist við breytingum á lánshæfiseinkunnum í bráð.

Alþjóðlegt mat á íslensku efnahagslífi

Á undanfarinni viku hafa tveir alþjóðlegir aðilar gefið út nýtt mat á horfum í íslensku efnahagslífi. OECD birti nýja ítarlega skýrslu um íslensk efnahagsmál og Standard&Poor's hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf einnig út nýtt álit í lok október síðastliðinn og Moody's og Fitch síðastliðið sumar. Þessir matsaðilar eru allir nokkuð samhljóma í meginniðurstöðum sínum. Þeir hrósa íslenskum stjórnvöldum fyrir margvíslegar skipulagsbreytingar á undanförmum áratug sem hafa aukid sveigjanleika og aðlögunarhæfni íslenska hagkerfisins. Einnig þykir staða ríkisfjármála vera sterk og sömuleiðis þótti rétt að taka upp verðbólgu-markmið. Helstu viðvaranir þessara aðila tengjast hættu á ójafnvægi í þjóðarþúskapnum vegna stóriðjuframkvæmdanna og er vaxandi viðskipta-halli nefndur til sögunnar í þeim efnum. Erlendar skuldir þykja einnig of miklar enda hlutfallslega meiri en í flestum öðrum ríkjum. Íslenskum stjórnvöldum er einkum ráðlagt að reyna að sporna við þenslu á næstu misserum til að viðhalda stöðugleika. Mælt er með auknu aðhaldi í peningamálum með frekari hækkanum stýrivaxta en auk þess er lagt til að dregið verði frekar úr útgjöldum ríkisins og stefnt að auknum afgangi af rekstri ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	8,7	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	12,2	10,7
Tryggingagjöld	11,5	11,1
Eignarskattar	-21,4	38,8
Veltuskattar	9,1	13,4
Tekjur alls	11,1	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,0	3,7
Félagsmál	11,6	6,4
Atvinnumál	12,3	2,6
Vaxtagjöld	-16,0	-12,5
Önnur útgjöld	16,0	3,2
Gjöld alls	8,9	4,3

Afkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2003	2004
Handbært fé frá rekstri	-9.272	-292
Hr. lánsfjárfjöfnuður	11.843	22.408
Afborgun lána	-30.702	-32.477
Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.359	-17.569
Lántökur	24.749	25.867
Greiðsluafkoma	-1.610	8.298

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2003	2004
Verðbólga - febrúar 2005	2,3	4,5
Kjarnaverðb.1- febr. 2005	2,5	4,5
Launavísitala - desember	5,4	6,0
Heildarvelta janúar-okt.	0,4	9,7
Smá.velta janúar-okt	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar 2005	3,7	3,0